

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2017

2018/EES/78/21

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1411 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1412 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1413 frá 24. ágúst 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samningsins reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1416 frá 24. ágúst 2016 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32016 R 1413:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1413 frá 24. ágúst 2016 (Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„– **32016 R 1416:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1416 frá 24. ágúst 2016 (Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 22).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 22.

3. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 118. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1390):

„119. **32016 R 1411**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1411 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjttíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 1).

120. **32016 R 1412**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1412 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (Stjttíð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2016/1411, (ESB) 2016/1412, (ESB) 2016/1413 og (ESB) 2016/1416, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.